

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim (644. mál).**

Vísað er til frumvarps um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, á þingskjali 1107.

Félag atvinnurekenda fagnar því út af fyrir sig að ráðherra leggi til að einfalda stjórnsýsluna í kringum leyfisveitingar til innflutnings á fersku kjöti. Það er ótvírað framför frá því dýra og umsvifaseina kerfi sem nú er við lýði. FA er sammála því að breytingin bæti stjórnsýslu, með því að ákvarðanir Matvælastofnanir um innflutningsleyfi verði kæranlegar til æðra stjórnvalds.

Félagið fagnar því sömuleiðis að aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulíf sé virk og telur að flytja ætti mun fleiri sambærilegar tillögur á grundvelli hennar.

Hitt er svo annað mál að leyfisveitingakerfið til innflutnings á fersku kjöti, unnum kjötvörum og öðrum kjötvörum, sem lögin kveða á um, brýtur í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Innflytjendur eiga ekki að þurfa að sækja um nein leyfi til að flytja inn ferskt kjöt frá öðrum EES-ríkjum, sem staðizt hefur heilbrigðiseftirlit í útflutningsríkinu.

Félagið leyfir sér að vitna til fréttatilkynningar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 8. október 2010:

„Krafan um að innflytjendur sæki um sérstakt leyfi til innflutnings og leggi fram ýmiss konar vottorð, svo sem til að staðfesta að vörurnar hafi legið frosnar við að lágmarki -18°C í 30 daga og að þær séu ekki smitaðar af salmonellu stangast á við EES-samninginn. Með henni er komið á reglubundnu eftirliti með dýraafurðum frá öðrum EES-ríkjum og telst það viðskiptahindrun í skilningi EES-samningsins. Ferskar kjötvörur innan EES lúta nákvæmum reglum um heilbrigðiseftirlit í útflutningsríkinu en eftirlit í viðtökuríki er takmarkað við stikkprufur. Reglurnar byggjast gagnkvæmu trausti milli EES ríkja og eiga að stuðla að óheftum flutningum vöru á innri markaðinum eins og samningurinn gerir ráð fyrir.

ESA telur íslensk stjórvöld ekki hafa sýnt fram á að núverandi fyrirkomulag megi réttlæta með þeim rökum að það sé nauðsynlegt til að vernda líf og heilsu manna og dýra. Þau víssindalegu gögn sem íslensk stjórvöld hafa framvísað renna ekki stoðum undir gildandi reglur heldur sýna þvert á móti að áhætta á sýkingu búfjár gegnum innflutning á fersku kjöti sé hverfandi.

ESA telur umrætt kerfi leyfisveitinga þannig fela í sér óréttlætanlegar og ónauðsynlegar viðskiptahindranir.“

Félag atvinnurekenda hvetur Alþingi til að innleiða í íslenzkan rétt reglur EES-samningsins um ferskt kjöt og aðrar kjötvörur. Þannig hættir íslenzka ríkið vísvitandi samningsbrotum sínum og forðast má kostnaðarsaman málarekstur fyrir EFTA-dómstólnum. Breytingin myndi sömuleiðis hafa í för með sér mikið hagræði og sparnað, jafnt fyrir ríkið og innflyttjendur, og gengi enn lengra í átt til einföldunar regluverks atvinnulífsins en það frumvarp sem hér er til umfjöllunar.

Virðingarfyllst,  
Félag atvinnurekenda

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA